

Persónuverndarstefna LOGOS slf.

LOGOS (einnig vísað til „félagsins“ og „okkar“) hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga umsækjenda um störf hjá félaginu. Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að upplýsa umsækjendur um hvaða persónuupplýsingar félagið safnar og með hvaða hætti félagið nýtir slíkar persónuupplýsingar.

Persónuverndarstefna þessi nær til persónuupplýsinga er varða alla þá sem sækja um störf hjá félaginu. Í stefnunni er jafnframt vísað til umsækjenda sem „þín“ og félagsins sem „okkar“.

1. Tilgangur og lagaskylda

LOGOS leitast við að uppfylla í hvívetna persónuverndarlöggjöf og eru reglur þessar byggðar á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga („**persónuverndarlög**“).

2. Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar í skilningi stefnu þessarar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Gögn sem eru ópersónugreinanleg teljast ekki persónuupplýsingar.

3. Persónuupplýsingar sem LOGOS safnar og vinnur

Við söfnum og varðveitum ýmsar persónuupplýsingar um umsækjendur. Ólíkum persónuupplýsingum kann að vera safnað fyrir mismunandi störf og kann vinnsla og söfnun á persónuupplýsingum að fara eftir eðli starfs.

Eftirfarandi eru upplýsingar sem LOGOS safnar um alla umsækjendur um störf:

- samskiptaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, netfang og símanúmer; og
- upplýsingar um menntun og námsárangur, námskeið, þjálfun, tungumálakunnáttu, starfsreynslu, félags- og trúnaðarstörf.

Þegar umsækjendur sækja um stöðu fulltrúa eða laganema er jafnframt óskað eftir upplýsingum um námsárangur, s.s. einkunnir og prófskírteini úr BA og/eða MA námi.

Komist umsækjandi áfram í viðtal vinnur LOGOS jafnframt með þær upplýsingar sem fram koma um umsækjanda í því viðtali og eftir atvikum frá meðmælendum.

Auk framangreindra upplýsinga, kann LOGOS einnig að safna og vinna aðrar upplýsingar sem umsækjendur láta félaginu sjálfir í té (t.d. um fjölskylduhagi og ástæður umsóknar um starf hjá LOGOS). Þá kann LOGOS að skoða upplýsingar um umsækjanda sem hann hefur sjálfur birt opinberlega á samfélagsmiðlum.

Að meginstefnu til aflar LOGOS persónuupplýsinga beint frá umsækjendum. LOGOS kann þó jafnframt að afla upplýsinga frá þriðja aðila og þá einkum meðmælendum, s.s. fyrrverandi vinnuveitendum eða kennurum úr háskóla.

4. Hvers vegna söfnum við persónuupplýsingum og á hvaða grundvelli?

Við söfnum persónuupplýsingum um umsækjendur fyrst og fremst til að geta valið hæfasta umsækjandann til að gegna starfinu. Þannig eru upplýsingarnar fyrst og fremst unnar á

þeim grundvelli að vinnslan sé nauðsynleg í því skyni að gera **ráðstafanir að beiðni umsækjandans áður en samningur er gerður.**

Í þeim tilvikum þar sem að söfnun og vinnsla persónuupplýsinga krefst samþykkis umsækjanda, er umsækjanda ávallt heimilt að afturkalla slíkt samþykki sitt. Öll samskipti í tengslum við slíka afturköllun eða breytingu á innihaldi samþykkis skal beina til skrifstofustjóra LOGOS. Umsækjendum er hvenær sem er heimilt að draga umsókn sína til baka.

5. Miðlun til þriðju aðila

LOGOS kann að miðla persónuupplýsingum um umsækjendur til ráðningaskrifstofu, ráðgjafa, verktaka og annarra þriðju aðila vegna vinnu þeirra fyrir félagið í tengslum við umsóknarferlið. Einnig gæti persónuupplýsingum verið miðlað til þriðju aðila sem veita okkur upplýsingatækniþjónustu og aðra þjónustu sem tengist vinnslu og er hluti af rekstri félagsins.

Þriðju aðilar sem veita okkur þjónustu samkvæmt framansögðu gætu verið staðsettir utan Íslands. LOGOS mun þó ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimilt á grundvelli viðeigandi persónuverndarlöggjafar.

Að lokum gætu persónuupplýsingar um þig verið afhentar að því marki sem heimilað er eða krafist er á grundvelli viðeigandi laga eða reglna. Einnig kann persónuupplýsingum þínum að vera miðlað til þriðja aðila til að bregðast við löglegum aðgerðum eins og húsleitum, stefnum eða dómsúrskurði.

6. Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

LOGOS leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með sértöku tilliti til eðlis þeirra. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra. Þær persónuupplýsingar umsækjenda sem vistaðar eru rafrænt er aðgangsstýrt og þær upplýsingar sem varðveittar eru á pappír eru í læstum skjalaskáp skrifstofustjóra.

7. Varðveisla á persónuupplýsingum

LOGOS mun leitast við að varðveita aðeins persónuupplýsingar eins lengi og þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar, nema annað sé skylt samkvæmt lögum.

Umsóknir eru að jafnaði varðveittar í sex mánuði nema þær séu afturkallaðar fyrr eða umsækjandi hafi veitt sérstakt samþykki fyrir lengri varðveislutíma.

8. Réttindi þín hvað varðar þær persónuupplýsingar sem félagið vinnur

Þú átt rétt á að fá aðgang og í ákveðnum tilvikum afrit af þeim persónuupplýsingum sem við vinnum um þig sem og upplýsingar um vinnsluna.

Við ákveðnar aðstæður kannt þú jafnframt að hafa heimild til að óska eftir því að persónuupplýsingum um þig verði eytt eða að vinnsla þeirra verði takmörkuð. Þá átt þú rétt á að fá persónuupplýsingar þínar leiðréttar, séu þær rangar eða óáreiðanlegar.

Auk þess kann að vera að þú eigir rétt á afriti af þeim upplýsingum sem þú hefur afhent okkur á tölvutæku formi, eða að við sendum þær beint til þriðja aðila.

Framangreind réttindi þín eru þó ekki fortakslaus. Þannig kunna lög eða reglugerðir að heimila eða skylda félagið til að hafna beiðni þinni um að nýta þér umrædd réttindi.

9. Fyrirspurnir og kvörtun til Persónuverndar

Ef þú vilt nýta þér þau réttindi sem lýst er í 9. gr. í stefnu þessari, eða ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi persónuverndarstefnu þessa eða það hvernig félagið vinnur með persónuupplýsingar þínar, vinsamlegast hafðu samband við umsjónarmann LOGOS með stefnu þessari, sbr. 10. gr., eða skrifstofustjóra félagsins.

Ef að þú ert ósátt/ur við vinnslu félagsins á persónuupplýsingum getur þú sent erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

10. Samskiptaupplýsingar

Við höfum tilnefnt Þórólf Jónsson, thorolfur@logos.is, 5400300, sem umsjónarmann til að hafa eftirlit með fylgni við þessa persónuverndarstefnu.

Samskiptaupplýsingar um félagið:

LOGOS slf.
Efstaleiti 5
103 Reykjavík

11. Endurskoðun

LOGOS getur frá einum tíma til annars breytt persónuverndarstefnu þessari í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig félagið vinnur með persónuupplýsingar.

Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið birt á heimasíðu félagsins eða eftir atvikum send þér sérstaklega.

Þessi persónuverndarstefna var sett þann 13. júlí 2018.